


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	ÍSL 503	Kennsluáætlun Haustönn 2011
Síða 1 af 2		

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Kristín Árnadóttir og Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	ALH, KRÁ, ÞHJ
----------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing: Í áfanganum kynnst nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlendis og erlendis á sama tímasteiði. Nemendur kynnst helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við samtímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans. Nemendur velja sér einn höfund úr bókmenntasögunni og flytja um hann fyrirlestur á önninni.

Markmið: Að nemandi öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldar.

- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. aldar.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum 20. aldar.
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra.
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og einkennum í verkum þeirra.
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi stíls og önnur atriði sem lúta að mismunandi bókmenntastefnum.
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta.

Námsgögn:

Öldin öfgafulla e. Dagnýju Kristjánsdóttur (2010)

Salka Valka e. Halldór Kiljan Laxness (Ýmsar útgáfur)

ÍSL 503 Textahefti (2010 – VMA skrifstofa)


Myndefni og ljósrit eftir því sem við á.

Áætlun um yfirferð: 1. lota 22.8. – 2.9.

Kynning áfangans; **1900 - 1920** *Öldin öfgafulla* (ÖÖ) bls. 9 – 50 og textahefti fyrir ÍSL 503; Ísland í upphafi 20. aldar og breytingar á næstu 20 árum. Fjallað um helstu höfunda, verk þeirra skoðuð og bókmenntastefnur tímabilsins s.s. nýrómantík.

Nemendur vinna verkefni í tímum. Hafinn lestur á skáldsögunni *Sölku Völku*.

2. lota 5.9. – 16.9.: *Öldin öfgafulla 1920 – 1940* (ÖÖ) bls. 51 – 81 og textahefti. Fjallað um bókmenntasögu tímabilsins, helstu höfunda og breytingar í samfélaginu á krepputímum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	ÍSL 503 Kennsluáætlun Haustönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

3. Iota 19.9. – 7.10.: *Öldin öfgafulla 1940 – 1950* (ÖÖ) bls. 83 – 105 og textahefti f. ÍSL 503; Áhrif og afleiðingar heimsstyrjaldar, hernáms og kalda stríðsins á íslenskt þjóðfélag og bókmenntir. Miðannarpróf úr ÖÖ frá tímabilinu 1900 – 1950 sem vegur 25%.

4. Iota 10.10. – 21.10.: *Öldin öfgafulla 1950 – 1960* (ÖÖ) bls. 107 – 141 Farið verður í grunnatriði skáldsögu greiningar auk þess sem skáldsagan *Salka Valka* eftir Halldór K. Laxness verður krufin og rædd. Lotunni lýkur með krossaprófi 10% og verkefni úr *Sölku Völku* 10%.

5. Iota 24.10. - 4.11.: *Öldin öfgafulla 1960 – 1990* (ÖÖ) bls. 143 – 215 og textahefti f. ÍSL 503; Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar. Lotunni lýkur með verkefni úr smásögum 10%.

6. Iota 7.11. - 23.11. *Öldin öfgafulla 1990 – 2010* (ÖÖ) bls. 217 – 263 og textahefti f. ÍSL 503; Drepið verður á helstu atriði tímabilsins, helstu stefnur og höfunda. Nemendur velja skáldverk frá síðari árum og vinna með þau. Lotunni lýkur með verkefni úr nútímabókmenntum 20%.

Próf úr ÖÖ frá tímabilinu 1950 – 2010 og ljóðum (25%) verður í prófalotu.

Námsmat og vægi námsþátta:

- | | |
|---------------------------------------|-----|
| a) Miðannarpróf | 25% |
| b) <i>Salka Valka</i> í lok 4. lotu. | 20% |
| c) Verkefni úr smásögum í lok 4. lotu | 10% |
| d) Próf í prófalotu | 25% |
| e) Verkefni í lok 6. lotu | 20% |

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni. Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu VMA.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils